

Heiðar Örn Stefánsson

Reykjavík 17. apríl 2019

Lögmaður

Bæjarskrifstofa Mosfellsbæjar

Þverhot 2, 270 Mosfellsbæ

Efni: Endurmat á gatnagerðargjöldum fyrir Lindarbyggð 30

Ágæti Heiðar

Undirrituð eru eigendur lóðarinnar Lautar við Lindarbyggð 30 (áður Dælustöðvarvegur 4B). Við höfum nú nýlega sótt um og fengið leyfi til að undirbúa byggingu íbúðarhúss skv skipulagi (ekki endanlegt byggingarleyfi). Í kjölfarið fengum við sendan reikning fyrir gatnagerðargjöldum (sjá meðsendan reikning).

Þér til glöggvunar er lóðin Laut nokkuð óvenjuleg. Hún er stærri en gengur og gerist og til að byggja þar hús höfum við hjónin þurft að leggja í mikinn kostnað m.a. að leggja veg og rífa ónýtt hús á byggingarreitnum. Ljóst er að ef við ákveðum að byggja hús í Laut verða aðrar sérlausnir nauðsynlegar sem bærinn tekur ekki þátt í.

Með vísan í lög um gatnagerðargjöld gr. 3 biðjum við hér með um að gatnagerðargjöldin verði endurskoðuð. Fyrir á lóðinni var íbúðarhús skráð 95.7 fermetrar sem nú er búið að rífa (eftir regluverki Mosfellsbæjar). Fyrri eigandi, Skúli Thorarensen, átti lögheimili í þessu húsi til margra ára. Við förum fram á að fermetrafjöldi fyrra húss komi til frádráttar þegar gatnagerðargjöld eru áætluð fyrir húsið sem við höfum sótt um að byggja.

Ég hef rætt þetta mál við Árna Jón byggingarfulltrúa og er hann því vel kunnugur. Sendi þetta bréf ennfremur í dag útprintað og undirskrifað.

Bestu kveðjur,

Bjarni Össurarson, Suðurgata 35, 101 RVK s. 861 1516

Sigrún Þorgeirsdóttir, Suðurgata 35, 101 RVK s. 860 0096